



FANGELSISMÁLASTOFNUN RÍKISINS

Reglur um afplánun á Áfangaheimili Verndar

1. gr.

Dómpoli, sem afplánar fangelsisrefsingu eða vararefsingu fésektar getur sótt um að afplána hluta hennar á Áfangaheimili Verndar, Reykjavík. Að jafnaði skal dvalartími á áfangaheimilinu ekki vera styttri en 3 vikur og skal dómpoli hafa afplánað a.m.k. 1/3 hluta afplánunartímans í fangelsi eða með samfélagsþjónustu áður. Þó er heimilt að leyfa dómpola að fara fyrr þegar svo stendur á sem greinir í 1. mgr. 5. gr. reglna þessara.

Þegar dæmd refsing er eitt ár eða minna getur dvalartími á áfangaheimilinu orðið allt að 3 mánuðir. Þegar dæmd refsing er yfir eitt ár lengist dvöl á áfangaheimilinu um 2,5 daga fyrir hvern dæmdan mánuð og verður 4 mánuðir við 2ja ára fangelsisrefsingu. Dvöl lengist síðan með sama hætti um einn mánuð fyrir hvert dæmt ár og getur orðið að hámarki 12 mánuðir þegar dæmd refsing er 10 ára fangelsi.

2. gr.

Fangi sem afplánar refsivist á Áfangaheimili Verndar skal reglulega stunda vinnu, nám, starfsþjálfun eða meðferð sem Fangelsismálastofnun hefur samþykkt og er liður í aðlögun hans að samfélaginu að nýju. Vinnuveitanda, skólayfirvöldum eða meðferðaraðilum skal gert ljóst að viðkomandi sé fangi og hafa samþykkt að eftirlit verði haft með því að hann stundi vinnu, nám, starfsþjálfun eða meðferð.

Fangi skal greiða dvalar- og fæðiskostnað til áfangaheimilisins eins og hann er ákveðinn hverju sinni. Sama gildir um greiðslu annars kostnaðar sem hlýst af því að stunda vinnu, nám, starfsþjálfun eða meðferð s.s. ferðakostnað og námsgögn.

3. gr.

Umsókn um afplánun hluta refsivistar á Áfangaheimili Verndar, skal senda til Fangelsismálastofnunar ríkisins. Í umsókn skal m.a. tilgreina væntanlegan vinnustað eða fyrirhugað nám, starfsþjálfun eða meðferð. Áður en umsókn er tekin til endanlegrar ákvörðunar skal leggja fram skriflega staðfestingu vinnuveitanda um ráðningu umsækjanda eða sambærilegar upplýsingar um nám, starfsþjálfun eða meðferð.

Fangelsismálastofnun metur hvort umsækjandi uppfylli skilyrði til afplánunar á áfangaheimilinu. Telji stofnunin umsækjanda ekki uppfylla skilyrði til vistunar þar er sú ákvörðun kæranleg til innanríkisráðuneytisins. Auk samþykkis Fangelsismálastofnunar er afplánun á áfangaheimilinu háð því skilyrði að húsnefnd Verndar samþykki umsóknina. Telji húsnefnd umsækjanda ekki hæfan til afplánunar á áfangaheimilinu er sú ákvörðun endanleg.

Það er forsenda fyrir því að dómpoli fái að afplána á áfangaheimilinu að hann samþykki þau skilyrði sem gilda um vistun þar og undirriti samning þar um.



FANGELSISMÁLASTOFNUN RÍKISINS

4. gr.

Skilyrði þess að unnt sé að fallast á afplánun á Áfangaheimili Verndar eru:

- Að fangi hafi ekki gerst sekur um agabrot í refsivistinni síðustu 6 mánuðina og að hegðun hans hafi að öðru leyti verið til fyrirmyndar.
- Strjúki fangi úr afplánun skulu líða a.m.k. tvö ár þar til hann telst hæfur til dvalar á Vernd.
- Að í refsivörslukerfinu sé ekki til meðferðar mál þar sem dómþoli er kærður fyrir refsiverðan verknað.
- Að dómþoli hafi að jafnaði ekki í fyrri afplánunum á síðastliðnum 2 árum verið vikið af áfangaheimilinu.
- Að dómþoli teljist hæfur til dvalar á áfangaheimilinu.
- Að ekki mælist áfengi í öndunarsýni eða ólögleg ávana- eða fíkniefni greinist í þvagprufu dómþola sem hann afhendir áður en til vistunar á áfangaheimilinu kemur.

Víkja má frá skilyrðum a, b og c liðar ef mjög sérstakar ástæður mæla með því.

5. gr.

Miða skal við að dómþoli hefji dvöl á Áfangaheimili Verndar á mánudegi eða fimmtudegi kl. 18:00. Ef hámarkstími á Vernd reiknast vera frá:

Þriðjudegi skal vistunartími vera frá mánudeginum á undan.

Miðvikudegi skal vistunartími vera frá mánudeginum á undan.

Föstudegi skal vistunartími vera frá fimmtudeginum á undan.

Laugardegi skal vistunartími vera frá fimmtudeginum á undan.

Sunnudegi skal vistunartími vera frá fimmtudeginum á undan.

Forsvarsmaður Verndar tekur á móti dómþola, kynnir honum húsreglur og vísar til herbergis.

Fanga er óheimil útivist alla daga frá kl. 23:00 – 07:00.

Fanga er óheimilt að fara af landi brott meðan á dvöl á Vernd stendur. Geri hann það verður litið á slíkt sem stök úr afplánun.

Fangi sem afplánar refsivist á áfangaheimilinu skal fylgja öllum almennum húsreglum sem þar gilda auk eftirfarandi reglna:

- Fangi skal mæta í hús á kvöldverðartíma mánudaga til föstudaga fyrir kl. 18:00 og dvelja þar til kl. 19:00.
- Ef fangi sækir ekki vinnu, nám, starfsþjálfun eða meðferð á virkum degi vegna veikinda eða af öðrum ástæðum er honum óheimilt að yfirgefa áfangaheimilið nema í samráði við húsvörð og þá í skamman tíma.
- Fanga er óheimilt að neyta áfengis, ávana- og fíkniefna meðan hann dvelur á áfangaheimilinu. Jafnframt eru öll lyf óheimil nema þau sem ávísuð eru af lækni á viðkomandi fanga og samþykkt af Vernd.
- Fanga er skylt að hlíta fyrirælum húsvarðar, framkvæmdastjóra Verndar og/eða Fangelsismálastofnunar.
- Fanga er skylt að láta í té öndunar- og/eða þvagsýni vegna áfengis- eða vímuefnaeftirlits þegar þess er óskað.



FANGELSISMÁLASTOFNUN RÍKISINS

Heimilt er, þegar sérstaklega stendur á, að setja það sem skilyrði að fangi hafi á sér búnað svo unnt sé að fylgjast með ferðum hans.

Almenn ákvæði laga um fullnustu refsinga og reglugerða settum samkvæmt þeim gilda um afplánun á Áfangaheimili Verndar.

Brot á reglum þessum, húsreglum Verndar svo og kæra fyrir refsiverða hegðun getur leitt til þess að Fangelsismálastofnun ákveði að flytja fanga til áframhaldandi afplánunar í fangelsi.

6. gr.

Reglur þessar eru settar af Fangelsismálastofnun ríkisins og byggjast á heimild í 3. mgr. 31. gr. sbr. 3. mgr. 98. gr. laga um fullnustu refsinga nr. 15/2016 og samkomulagi milli stofnunarinnar og Félagasamtakanna Verndar frá 15. maí 2007 og öðlast þær þegar gildi.

Jafnframt eru felldar úr gildi reglur um afplánun á Áfangaheimili Verndar, dags. 1. júní 2016.

Fangelsismálastofnun ríkisins, 13. janúar 2017

Páll E. Winkel (sign.)